

Titill: Barna- og unglingleikhús

Skammstöfun: LEIK2BD05

Námsgrein: Leiklist

Viðfangsefni: Barna- og unglingleikhús

Prep: 2

Einingafjöldi: 5

Forkröfur: LEIK2AB05

Áfangalýsing:

Í áfanganum verður unnið að uppsetningu á stuttu sviðsverki fyrir börn. Áfanginn miðast við að skapa sviðsverk fyrir ákveðinn markhóp sem farið verður með í skóla eða leikskóla á höfuðborgarsvæðinu. Hópurinn velur viðfangsefni út frá efni sem hann telur eiga erindi við börn og unglinga í dag. Verkið verður unnið eftir hentugleikum frá hugmynd til sýningar eða frá handriti til sýningar. Hópurinn mun annað hvort semja verkið í samvinnu eða vinna með fyrirfram skrifað handrit og æfa það með kennara sem leikstjóra. Verkið verður svo sýnt nokkrum sinnum í lok annar.

Þekkingarviðmið

Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- möguleikum barnaleikhúss sem listræns miðils.
- margslungnu samfélagslegu hlutverki leiklistarinnar.
- mikilvægi leiktækni í leiksýningum.
- öðlast þekkingu á miðlun til barna.
- ferli frá hugmynd til sýningar.

Leikniviðmið

Nemandi skal hafa öðlast leikni í:

- að vinna leiksýningu frá hugmynd/handriti til til sýningar.
- þjálfast í hugmyndavinnu
- þjálfast í að setja saman sviðsverk
- þjálfast í að sýna fyrir áhorfendur
- þjálfast í persónusköpun
- þjálfast í framsögn
- þjálfast í raddbeitingu á sviði
- þjálfast í líkamsbeitingu
- þjálfast í notkun leikrýmis

Hæfniviðmið

Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- geta sett saman stutta frumsamda leiksýningu út frá ákveðnu efni
- geta unnið saman sem einn hópur að slíku verki
- geta sýnt sviðsverk sem einn hópur fyrir hlutlausa áhorfendur utan skólans
- geta ferðast með sýningu á vettvang utan skólans
- geta sem leikari sýnt leiksýningu við krefjandi aðstæður

Námsmat

Námsmat er fólgið í leiðsagnarmati í ferlinu frá hugmynd til sýningar, einkum í æfingaferli. Frammistaða í sýningum er metin eins og um próf væri að ræða. 100% mætingarskylda er á sýningar, fjarvist á sýningu þýðir fall í áfanganum. Nemendur fá munnlega umsögn og einkunn í lokin.